

Sp.

52. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um samtök til aðstoðar öryrkjum.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að Samband íslenskra berklasjúklinga, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Blindrafélag Reykjavíkur og Blindravinafélag Íslands taki höndum saman um að koma á fót og reka vinnuhæli og bæta á annan hátt aðstöðu öryrkja þeirra, sem þessi félög vinna fyrir.

Greinargerð.

Það er fyrir löngu viðurkennt, að þau félagasamtök, sem nefnd eru í þessari þingsályktunartillögu, hafa á undanförunum árum unnið ómetanlegt gagn til aðstoðar því fólki, sem orðið hefur fyrir þeirri óhamingju að fá berkla, lamast, fatlast eða missa sjónina, og er full ástæða fyrir Alþingi og ríkisstjórn að athuga, hvort ekki sé möguleiki á því að auka eða bæta starfsskilyrði þessara aðila á einhvern hátt.

Hafa nokkur þessara félagasamtaka komið sér upp myndarlegum vinnuhælum, til þess að þessir öryrkjar geti undir læknisefirliti stundað vinnu við þeirra hæfi. Sérstaklega er stórkostlegt það afrek, sem Samband íslenskra berklasjúklinga hefur unnið að Reykjalundi með byggingu vinnuheimilis þar.

Það hefur þegar tekizt að draga mjög úr útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi. Vonandi verður, áður en langt um liður, náð enn betri árangri í baráttunni gegn berklaveikinni, og þess vegna er vonandi, að vinnukraftur verði minnkandi á Reykjalundi af þeim ástæðum, þótt þar sé nú fullsetið af berklasjúklingum.

Starfsemi hinna félagasamtakanna er einnig rekin af miklum myndarbrag, og þeirri starfsemi þyrfti að fá möguleika til aukningar.

Ég get ekki betur séð en að samstillt átak ofan nefndra félagasamtaka ætti að geta orðið þeim öllum til verulegs framgangs. Það verður að teljast eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um athugun á því, hvort tiltækilegt sé að hrinda þessu máli í framkvæmd.